

REGLUGERÐ

um sóttvarnaráðstafanir.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Göngudeildir sem sinna tilkynningarskyldum sjúkdómum.

Göngudeildir sem sinna tilkynningarskyldum sjúkdómum skulu vera á Landspítala (LSH) og hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Göngudeild sem sinnir tilkynningarskyldum sjúkdómum hjá börnum skal vera á LSH.

Göngudeildir skv. 1. mgr. skulu annast sjúklinga sem þangað er vísað eða þangað leita vegna tilkynningarskyldra smitsjúkdóma eða annarra alvarlegra sjúkdóma eða gruns um slíka sjúkdóma. Hlutverk deildanna er einnig að rekja smit manna á milli, hafa upp á þeim einstaklingum sem kunna að hafa smitast af tilkynningarskyldum sjúkdómum og hindra frekari sjúkdómsútbreiðslu, sbr. 1. og 2. mgr. 16. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

2. gr.

Sérstök aðstaða til greiningar, einangrunar, afeitrunar og hreinsunar.

Á LSH skal vera þekking og viðbúnaður sem snýr að sóttvörnum vegna sérstakra ógna sem steðjað geta að vegna sýkla, eiturefna og geislavirkra efna.

Sérstök aðstaða skal vera á LSH til greiningar og einangrunar sjúklinga sem eru til rannsóknar eða meðferðar vegna smitsjúkdóma eða gruns um smitsjúkdóma eða vegna afleiðinga eiturefna- eða geislavirkra efna. Þar skal einnig vera aðstaða til sótthreinsunar og afeitrunar sjúklinga, fatnaðar, áhalda og farartækja.

Á LSH skal starfa sóttvarnanefnd sem er stjórn LSH til ráðgjafar um sóttvarnir í samstarfi við sóttvarnalækni. Þá skal starfa á LSH sýkingavarnadeild sem skráir sýkingar í tengslum við veitingu heilbrigðisþjónustu og stuðlar að sýkingavörnum innan LSH, eitrunarmiðstöð og geislæðlisfræðideild sem skrá óhöpp vegna eitrana og geislaóhöpp.

3. gr.

Sýkingavarnanefndir.

Á sjúkrahúsum, öðrum en LSH, skulu starfa sýkingavarnanefndir sem skrá sýkingar í tengslum við veitingu heilbrigðisþjónustu og stuðla að sýkingavörnum innan stofnananna.

Á heilsugæslustöðvum, heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna skal vera til staðar þekking og grunnviðbúnaður sem snýr að sóttvörnum.

II. KAFLI

Framkvæmd opinberra sóttvarnaráðstafana.

4. gr.

Göngudeildir sem sinna tilkynningarskyldum sjúkdómum.

Göngudeildir sem sinna tilkynningarskyldum sjúkdómum, heilsugæslustöðvar og aðrar heilbrigðisstofnanir skulu sinna opinberum sóttvarnaráðstöfunum í samræmi við IV. kafla laga nr. 19/1997 og reglugerð nr. 834/2007, um tilnefningu yfirlækna heilsugæslustöðva, með síðari breytingum, til að sinna sóttvörnum samkvæmt nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis.

5. gr.

Almannavarnir.

Opinberar sóttvarnaráðstafanir skv. 12. gr. laga nr. 19/1997 og undirbúningur þeirra skulu gerðar í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.

6. gr.

Alþjóðlegar hafnir og flugstöðvar.

Landamærastöðvarnar í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli og höfnunum í Reykjavík, á Grundartanga, á Seyðisfirði, á Akureyri og á Ísafirði skulu vera sóttvarnastöðvar og uppfylla skilyrði alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar um alþjóðlega landamærastöð.

7. gr.

Öryggisbirgðahald.

Sóttvarnalæknir skal hafa umsjón með afhendingu, dreifingu og notkun öryggisbirgða lyfja, sem kveðið er á um í I. viðauka í fylgiskjali 1, og annars nauðsynlegs búnaðar í landinu til að bregðast við heilbrigðisógnum á borð við farsóttir eða aðra vá.

8. gr.

Læknisrannsókn á fólki sem flyst til landsins.

Göngudeildir skv. 1. gr. og heilsugæslustöðvar annast læknisrannsókn á þeim sem koma til landsins og sækja um dvalarleyfi samkvæmt verklagsreglum sóttvarnalæknis sem miðast við sérstakt hættuástand vegna smitsjúkdóma og farsóttar á tilteknu landsvæði, sbr. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 19/1997. Hafi umsækjandi fullgilt læknisvottorð samkvæmt verklagsreglum sóttvarnalæknis þarf viðkomandi ekki að sæta læknisrannsókn.

9. gr.

Læknisrannsókn á ferðamönnum við komu eða brottför.

Berist tilkynning frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni um að næm sótt sem ógnað getur almannaheill breiðist út og gæti borist til landsins eða frá því, skulu þeir sem koma til landsins eða hyggjast yfirgefa það og gætu hafa orðið fyrir smiti sæta læknisrannsókn samkvæmt nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis, sbr. 13. gr. laga nr. 19/1997. Ferðamanni ber að veita upplýsingar um áfangastað, gangast undir læknisrannsókn sem er eins takmörkuð og auðið er en uppfyllir jafnframt markmið sóttvarna og heimila könnun á farangri.

III. KAFLI

Greiðslur og undanþága frá greiðsluhlutdeild.

10. gr.

Dvalar- og atvinnuleyfi.

Læknisrannsókn sem gerð er vegna umsóknar um dvalar- og atvinnuleyfi og er í samræmi við verklagsreglur sóttvarnalæknis skal greiðast af vinnuveitanda eða þeim sem sækir um dvalar- eða atvinnuleyfi. Leiði læknisrannsókn í ljós þörf fyrir frekari sértækar rannsóknir þá greiðir viðkomandi umsækjandi eða sjúkratrygging hans kostnað við þau heilsufarslegu vandamál sem greinast fyrstu sex mánuðina sem dvalið er í landinu. Læknisrannsókn sem vinnuveitandi óskar sérstaklega eftir greiðist af vinnuveitandanum.

11. gr.

Tilkynningarskyldir sjúkdómar.

Greining, meðferð og eftirfylgni tilkynningarskyldra sjúkdóma, sbr. reglugerð nr. 221/2012, um skýrslugerð vegna sóttvarna, fyrir aðra en getið er um í 10. gr., skal vera sjúklingi, sem leitar til göngudeilda sem sinna tilkynningarskyldum sjúkdómum skv. 1. gr. eða heilsugæslustöðva, að kostnaðarlausu. Sama gildir um þá sem kvaddir eru til rannsóknar til leitar að smiti. Hafi sjúklingur leitað til sérgreinalæknis skal fyrsta lyfjameðferð í kjölfar greiningar vera honum að kostnaðarlausu.

Lyf við tilkynningarskyldum sjúkdómi, sbr. viðauka II í fylgiskjali 1, ávísað frá göngudeildum skv. 1. gr., greiðist heilsugæslustöð eða af viðkomandi göngudeild en lyf ávísað af öðrum sérgreinalækni greiðist af Sjúkratryggingum Íslands. Leyfis skyld lyf eru greidd af Sjúkratryggingum Íslands, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 313/2013 um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði. Læknir skal staðfesta á lyfseðli að um tilkynningarskyldan sjúkdóm sé að ræða. Sjúkratryggingar Íslands geta sett skilyrði um að notuð séu ódýrustu lyfin hverju sinni ef um er að velja fleiri en eitt lyf með sambærilega verkun. Samþykki fyrir fullri greiðsluþátttöku sjúkratrygginga skal að jafnaði háð því að notaðar séu hagkvæmustu pakkningastærðir hverju sinni og að tilkynning um smitsjúkdóm hafi verið send sóttvarnalækni.

Greinist tilkynningarskyldur sjúkdómur hjá umsækjanda um dvalar- og atvinnuleyfi sem ekki hefur fullnægjandi tryggingu er sóttvarnalækni heimilt að veita undanþágu fyrir greiðsluhlutdeild ef ríkir almannahagsmunir krefjast þess.

Fyrir valkvæða sýnatöku vegna greiningar á SARS-CoV-2 samkvæmt reglugerð um sóttkví, einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19 nr. 580/2020 greiðir einstaklingur gjald samkvæmt þeirri reglugerð.

Sýnataka hjá einstaklingum sem sýna einkenni sjúkdómsins COVID-19 í samræmi við fagleg fyrirmæli landlæknis er þeim að kostnaðarlausu skv. 1. mgr.

Uppfylli einstaklingur ekki skilyrði faglegra fyrirmæla landlæknis skal hann greiða 7.000 kr. gjald fyrir PCR-próf vegna greiningar á SARS-CoV-2 veirunni, hvort sem hann er sjúkratryggður eða ósjúkratryggður. Gjaldið myndar ekki afsláttarstofn skv. 4. gr. reglugerðar um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, sbr. jafnframt 29. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar. Ekki skal taka gjald fyrir útgáfu rafræns vottorðs. Um upphæð gjalds fyrir vottorð sem útgefið er af heilbrigðisstarfsmanni á heilsugæslustöð fer eftir reglugerð nr. 1350/2020, um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, eða reglugerð nr. 1455/2020, um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir á Íslandi og greiðslur fyrir heilbrigðisþjónustu, eftir því sem við á. Heimilt er að taka komugjald ef leitað er á heilsugæslustöð vegna útgáfu vottorðs eða ef sýnataka fer fram á heilsugæslustöð utan reglulegra sýnatökustöðva.

Við mótefnaþingun vegna SARS-CoV-2 skal einungis notast við mótefnaþingun sem uppfylla skilyrði faglegra fyrirmæla landlæknis.

Mótefnaþingun hjá einstaklingi sem uppfyllir skilyrði faglegra fyrirmæla landlæknis skal vera honum að kostnaðarlausu skv. 1. mgr. Uppfylli einstaklingur ekki skilyrði faglegra fyrirmæla landlæknis er heimilt að taka gjald í samræmi við reglugerð nr. 1248/2019, um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, og rennur gjaldið til þeirrar heilbrigðisstofnunar sem framkvæmir sýnatökuna. Gjaldið myndar ekki afsláttarstofn skv. 4. gr. reglugerðar um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, sbr. jafnframt 29. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar. Heilbrigðisstofnun er jafnframt heimilt að taka komugjald. Gjald fyrir þá sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi fer eftir reglugerð um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir á Íslandi og greiðslur fyrir heilbrigðisþjónustu.

12. gr.

Ákvæði vegna alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar.

Ferðamenn sem að kröfu sóttvarnafyrvalda þurfa að leggja fram vottorð og sæta þurfa læknisrannsókn, bólusetningum, einangrun, takmörkun á ferðafrelsi eða heilbrigðisráðstöfunum vegna farangurs eru undanþegnir greiðsluhlutdeild.

IV. KAFLI

Gildistaka.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 18. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997, sbr. 12., 16. og 17. gr., öðlast þegar gildi. Samtímis fellur úr gildi reglugerð nr. 414/2007.

- Velferðarráðuneytinu, 21. september 2012. -

- Guðbjartur Hannesson. -

- Vilborg Ingólfssdóttir. -

VIÐAUKI I

Öryggisbirgðir lyfja sem eiga að vera til í landinu við heilbrigðisógn, sbr. 7. gr.

<u>Lyf</u>	<u>Styrkleiki</u>	<u>Lyfjaflokkur</u>
Meltingarfæra- og efnaskiptalyf		
Insúlín (manna) stuttverkandi	100 ae/ml	A10AB05
Insúlín (manna) langverkandi	100 ae/ml	A10AC01
Hjarta- og æðasjúkdómalyf		
Heparín	5.000 ae/ml	B01AB01
Enoxaparín	100 mg/ml	B01AB05
Storkuþáttur VIII	1.000 ae/hgl	B02BD02
Hypertónískar lausnir	(Balance 1,5% og 2,3%)	B05DB
Amíódarón	50 mg/ml	C01BD01
Dópamín	40 mg/ml	C01CA04
Adrenalín	1 mg/ml	C01CA24
Fúrósemið	10 mg/ml	C03CA01
Fúrósemið	40 mg	C03CA01
Kvensjúkdómalyf		
Metýlbergómetrín	0,2 mg/ml	G02AB01
Oxýtócín	10 ae/ml	H01BB02
Hormónalyf		
Dexametasón	4 mg/ml	H02AB02
Hýdrókortisón	100 mg	H02AB09
Sýkingalyf		
Benzýlpenisillín	1,2 g/hgl	J01CE01
Phenoxýmethýlpenisillín	1 g	J01CE02
Kloxacillín	1 g	J01CF02
Cefúroxím	750 mg	J01DC02
Klindamýcín	150 mg/ml	J01FF01
Gentamícín	40 mg/ml	J01GB03
Ciprófloxacín	2 mg/ml	J01MA02
Ciprófloxacín	500 mg	J01MA02
Rifampícín	300 mg	J04AB02
Isóníazíð	300 mg	J04AC01
Pýrazinamíð	500 mg	J04AK01
Etambútól	400 mg	J04AK02
Aciclóvír	500 mg/hgl	J05AB01
Zanamívír	5 mg/skammt	J05AH01
Oseltamívír	75 mg	J05AH02
Svæfingarlyf, verkja- og deyfingalyf		
Sevóflúran Sevóflúran	100%	N01AB08
Própófól	10 mg/ml	N01AX10
Morfín	10 mg/ml	N02AA01
Geð- og taugalyf		
Fosfenýtóín	75 mg/ml	N03AB05
Halóperidól	5 mg/ml	N05AD01
Lórazepam	2 mg/ml	N05BA06
Öndunarfæralyf		
Salbútamól	1 mg/ml	R03AC02

Salbútamól	200 mcg/sk	R03AC02
Innrennslislyf og skolvökvar		
Sæft vatn – skolvökvi Sæft vatn – leysir Natríumklóríð 0,9% – leysir Natríumklóríð 9 mg/ml – innrennslislyf Glúkósi 50 mg/ml – innrennslislyf Glúkósi 10% (100 mg/ml) – innrennslislyf Ringer-Acetet – innrennslislyf		
Kalíum Natríum Glúkósi 5% – innrennslislyf		
Önnur lyf		
Kalíumjodíð	65 mg	V03AB21
Dýralyf		
Meltingarfæra- og efnaskiptalyf		
Kalsíum glúkónat		QA12AX
Magnésíum sulfat		QA12CC02
Sýkingalyf		
Prókaínpenisillín		QJ01CE09
Súlfadiazín og trímétóprím		QJ01EW10
Spenalyf		
Ampicillín í blöndum með öðrum sýklalyfjum		QJ51RC20
Vöðvasjúkdómalyf og beinagrindarlyf		
Meloxicam		QM01AC06
Tauga- og geðlyf		
Ketamín		QN01AX03
Lídókaín í blöndum		QN01BB52
Xýlazín		QN05CM92

VIÐAUKI II

Lyf við tilkynningarskyldum sjúkdómum, sem greiðast af göngudeildum eða Sjúkratryggingum Íslands, sbr. 11. gr.

Vegna HIV-sýkingar J-flokkur (Sýkingalyf)

P-flokkur (Sníklalyf)

Önnur lyf vegna HIV-sýkingar:

- Meltingafæralyf:

A07DA03 (Lóperamíd)

Hypertriglyseríðemía Blóðfitulækkandi lyf

†10AB04 C10A (Genfibrózil lyf til temprunar á blóðfitu)

– †10AD02 lyf (Nikótínsýra) með Hyperkólesterólemía almenna

greiðsluþátttöku †10AA03 samkvæmt (Pravastatín)

– †10AA05 (Atorvastatín) í lágum skömmtum lyfjaverðskrá

Beinþynning (osteopenia/osteoporosis)

M05BA (Bisfosfönöt) – lyf með almenna greiðsluþátttöku samkvæmt lyfjaverðskrá

Taugalyf, þ.m.t. útlægur taugakvilli

N03AX16 N03AX12 (Pregabalin Gabapentín)

N06AA09 (Amitriptylín)

N06AA10 (Nortriptylín)

N06AX16 (Venlafaxín)

N06AB (Sérhæfðir serótónín endurupptökuhemlar) – lyf með almenna greiðsluþátttöku samkvæmt lyfjaverðskrá

Vegna lifrabólgu B og C

L03AB10 (Interferón-Peginterferón alfa-2b)

L03AB11 (Interferón-Peginterferón alfa-2a)

J05AB05 (Ribavírín)

J05AF10 (Entecavír)

J05AF08 (Adefóvír)

J05AF11 (Telbivúdín) J05AE11 (Telaprevír)

J05AE12 (Boceprevír)

Vegna berkla og holdsveiki

J-flokkur

A11HA02 (Vítamín B6/pýridoxín)

Til varnar meningókokkasjúkdómi

J01MA02 (Cíprófloxacín)

J04AB02 (Rifampín)

Vegna lekanda, klamydíu og sárasóttar

J01AA (Tetracýklínsambönd)

J01CA (Breiðvirk penisillín)

J01CE (Beta-laktamasanæm penisillín)

J01DD04 (Ceftríaxón)

J01FA10 (Azítrómýcín)

J01MA02 (Cíprófloxacín)

Vegna salmonellu, kampýlóbakter og shigellu

J01CE (Beta-laktamasanæm penisillín)

J01FA (Makrólíðar)

J01MA02 (Cíprófloxacín)

Vegna amöbusýkingar (Entamöba histiolýtica)

P-flokkur (Sníklalyf)

Vegna metíclín ónæmra stafýlókokka (MÓSA)

R01AX06 (Múpírócín)

Klórhexidín púður (Naflapúður)

Klórhexidín 2% sápa

J01EE01 (Trimetóprím og súlfametoxasól)

J01FF01 (Klindamýcín)

J01XA01 (Vankómýcín)

J04AB02 (Rífampín)

Vegna heimsfaraldurs inflúensuJ05AH01 (Zanamívír)J05AH02 (Óseltamívír)

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.